



Lög og stallar í gígum

ESP_033014_2260

Á myndinni sést gígur með stöllum á Arcadia Planitia. Í raun er um að ræða tvo mismunandi stalla sem bendir til að minnsta kosti þriggja missterkra laga í berggrunninum. Mynd á borð við þessa hjálpa vísindamönnum að kanna efstu lögin undir yfirborði Mars. Í þessu tilviki er mismunandi styrkur laganna líklega vegna íss (veikt) og bergs (sterkt).